

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 195/2024

2024/EES/92/14

frá 23. september 2024

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka
(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2652 frá 15. september 2023 um breytingu og leiðréttingu á framseldri reglugerð (ESB) 2022/2292 að því er varðar kröfur um komu hunangs, kjöts, mikið unninna afurða, gelatínhylkja og lagarafurða inn í Sambandið og kröfur um eigin staðfestingu og um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2021/630 að því er varðar kröfur um eigin staðfestingu vegna samsettra afurða sem eru undanþegnar opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra, fôður og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 3) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á hluta 1.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 11bz (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/630):

„– **32023 R 2652:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2652 frá 15. september 2023 (Stjtið. ESB L, 2023/2652, 28.11.2023).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 11bzb (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2292):

„– **32023 R 2652:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2652 frá 15. september 2023 (Stjtið. ESB L, 2023/2652, 28.11.2023).“

2. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 164zd (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2292) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn: „, breytt með:

„– **32023 R 2652:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2652 frá 15. september 2023 (Stjtið. ESB L, 2023/2652, 28.11.2023).“

(1) Stjtið. ESB L, 2023/2652, 28.11.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2023/2652/oj.

3. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2023/2652, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.